



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 10 tbl.

Nóvember 2009

1. Sunnudagur í aðventu í STÓRA-NÚSPRESTAKALLI

Nú er aðventan á næsta leyti og þar með hefst undirbúningur fyrir komu jólaanna. Boðað er til áttunda sameiginlegs aðventukvölds sóknanna á 1. sunnudegi í aðventu sem ber upp á 29. nóvember n.k. og hefst stundvíslega kl. 20:00 í félagsheimilinu í Brautarholti.

Kórar kirknanna syngja aðventusálma og börn Þjórsárskóla syngja og flytja helgileik. Sóknarprestur les guðspjall dagsins og leiðir hugleiðingu og bæn. Almennur söngur og kveikt á 1. kerti aðventukransins.

Ræðumaður kvöldsins verður Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur.

Ég vil hvetja öll sóknarbörn til að koma á aðventukvöldið sem og aðra til að eiga saman uppbyggilega stund sem markar upphaf undirbúnings okkar fyrir komu jólaanna.

Dagskráin er tæpur klukkutími og lýkur með kaffisopa og piparkökum að vanda.

Axel Árnason Njarðvík, sóknarprestur.



100 ára afmæli Stóra-Núps kirkju

Séra Axel sóknarprestur kom í skólann þriðju-daginn 27. okt. og ræddi við nemendur um kirkjur prestakallsins, sóknir þess og afmælishátíð Stóra-Núps kirkju sem var 1.



Þjórsárskóli



nóv. Kór skólans kom fram af þessu tilefni í Árnesi að lokinni. Það voru 20 nemendur í 4.-7. bekk sem mættu og sungu þrjú lög fyrir gesti undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Söngurinn tókst vel og fékk kórinn lof fyrir. Þessi fyrsti söngflutningur skólakórsins lofar góðu um framhaldið og verður gaman að fylgjast með. Á afmælishátíðinni voru einnig til

sýnis myndverk nemenda í 5.-7. bekk. Verkin voru afrakstur af umfjöllun þeirra eftir heimsókn sr. Axels í skólann. Veggspjöldin sýndu kirkjur, kirkjusókn og samgöngur tengdar kirkjuferðum. Enn og aftur eru nemendur okkar að gera góða hluti, hvort heldur sem er á opinberum viðburðum eða innan veggja skólans.

Jól í skókassa

Umsjónahópar eru nú byrjaðir að ganga frá jólagjöfunum „jól í skókassa“. Það var 7. bekkur sem reið á vaðið og útbjó sínar gjafir. Síðan fóru aðrir hópar af stað og pökkuðu inn gjöfunum sínum með umsjónarkennara. Pakkarnir fara til Úkraínu eins og undanfarin ár og var miðað við að hver nemandi sendi einn pakka til jafnaldra af sama kyni. Áður en verkefnið hófst fengu allir nemendur stutta kynningu á verkefninu og Úkraínu. Umsjónarkennarar nýttu síðan kennslustund við innpökkun til að ræða nánar um verkefnið sem slíkt og tilgang jólanna í tengslum við það að gefa þeim gjafir sem minna mega sín. Þetta er umhugsunarvert upphaf og góður inngangur að undirbúningi jólanna.



Skógardagar

Allt starfsfólk Þjórsárskóla og nemendur hafa verið við nám og störf í Þjórsárdal í tvo daga í byrjun nóvember. Annan daginn var íslenskuþema. Þá voru verkefni unnin eftir hugmyndafræði Cornells um útikennslu. Nemendur hlustuðu á sögur, unnu eftir vísbendingum, teiknuðu, fluttu ljóð og héldu ræður. Þann daginn var komið heim í skóla á hádegis og kennslu haldið áfram innan dyra eftir hádegis.

Seinni daginn var öll kennsla dagsins í skóginum. Það var unnið að ýmsum hagnýtum verkefnum þann daginn til að bæta aðstöðu okkar og annara sem nýta sér skóginn. Nemendur smíðuðu brú yfir læk sem oft getur verið erfitt að komast yfir á vetrum, gerðu við skýlið



svo meira skjól væri fyrir máltíðir og at-

hvarf okkar, hlóðu eldstæði við skýlið, settu saman bekki til að sitja á, luku við greinaskýli inni á milli trjáa, gerðu „indjاناتjald“ og týndu nokkra sekki af furukönglum fyrir skógrækt ríkisins. Það var yndislegt veður báða dagana, nemendur okkar voru dugmiklir í vinnu og margir

voru þreyttir þegar haldið var heim. **Næsti skógardagur verður 3. desember og**

þá er jólapema. Foreldrar og aðstandendur nemenda eru hvattir til að taka daginn frá og koma með í jólaferð í skóginn, velja sér jólatré og upplifa skógarferð með okkur.

Myndir frá viðburðum er að finna á heimasíðu skólans

www.thjorsarskoli.is



Málþing barna í tilefni af degi íslenskrar tungu

Mánudaginn 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu. Þennan dag er komið á fót viðburði í skólanum í tilefni dagsins þar sem nemendur koma fram. Í ár verða raddir og skoðanir barna í hávegum. Boðað er til málþings í skólanum kl. 16:00 þar sem nemendur skólans á öllum

aldri munu segja skoðanir sínar á ýmsu í samfélaginu. Óskað er eftir að fulltrúar sveitarstjórnar og skólanefndar mæti og hlusti á raddir barnanna. Dagskráin verður um 40 mínútur og svo selja eldri þemendur kaffi og kökur í fjáröflun fyrir vorferðir sínar á meðan gestir og nemendur geta spjallað um það sem fram kom. Allir eru velkomnir.



56. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 3.nóvember 2009 kl. 10:30 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerð félagsmálanefndar 116. fundur frá 06.10.09. Fundargerð staðfest.
2. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 427. fundur frá 25.09.09. og 428.fundur frá 14.10.09. Lagðar fram.
3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 121. fundur frá 24.09.09. Lögð fram.
4. Fundargerðir stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 116. fundur frá 25.09.09 og 117. fundur frá 14.10.09. Lagðar fram.
5. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 177. fundur frá 25.09.09. Lögð fram.
6. Fundargerð Tónlistaskóla Árnesinga 151. fundur haldinn 12.10.09. Lögð fram.
7. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla frá 29.09.09. Fundargerð staðfest.
8. Erindi frá Barnaheill sem beint er til ríkis og sveitarfélaga um að standa vörð um réttindi barna, og að ekki verði skert þjónusta við þau eða fjölskyldur þeirra á sviði menntamála, heilbrigðismála eða félagsþjónustu. Lagt fram.
9. Erindi frá félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi varðandi þjónustu sveitarfélaganna, og tilmæli um að hún verði ekki skert á þessum samdráttartímum. Lagt fram.
10. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi mættir á fundin og fer yfir málið, auk annarra mála sem hún er að vinna að. Ásborg fór yfir ferðamál svæðisins og telur framtíð ferðapjónustu góða. Árið 2009 sé það besta frá upphafi og mikil gróska sé í ferðapjónustu. Hún fór einnig yfir hlutverk og stefnu Markaðsstofu Suðurlands. Markaðsstofa Suðurlands óskar eftir framlagi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi að upphæð 350 kr. pr. íbúa. Sveitarstjórn samþykkir framlagið.
11. Erindi frá aðalfundi Kennarafélags Suðurlands haldið á Flúðum 25.09.09. Lagt fram.
12. Erindi frá Samgönguráðuneyti dags. 15.október með fyrirspurn um framgang mála vegna úrskurðar þess um lóð nr. 6 á Flötum. Eigendur lóðar nr.5 mættu á fundinn. Lagt fram bréf dags. 29.október 2009 frá lögmanni sveitarfélagsins Ívari Pálssyni til Samgönguráðuneytisins. Sigmundur Magnússon mætti á fundinn ásamt fjölskyldu sinni. Sigurgeir sonur hans fór yfir málið frá þeirra sjónarhóli og óskaði eftir því að lausn fyndist á landamerkjum milli lóða 5 og 6 á Flötum. Oddviti falið að vinna að lausn málsins. 4
13. Erindi vegna óskar um stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2010. Erindi hafnað.

14. Bréf frá Umhverfisstofnun vegna erindis frá Gísli Má Gíslasyni formanni Þjóð-
árveranefndar. Áður á dagskrá sveitarstjórnar þann 25.08.09.

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Umhverfissráðuneytis dags.

2.október 2009. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

15. Erindi frá Lögmannsstofnunni LEX. Efni: beiðni um afhendingu gagna. Erindið er
sent fyrir umbjóðendur lögmannsstofunnar sem er hópur íbúa í Skeiða-og Gnúp-
verjahreppi með Odd Bjarnason Kálfhólum 4 Selfossi í fyrirsvari. Lagt fram
áðursent svar við erindi Lögmannsstofunnar LEX frá Landslögum fh. Skeiða og
Gnúpverjahrepps.

16. Deiliskipulagstillögur fyrir Minna- Núp og Prándartún. Málsnr.200910372102
Svf. Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Heiti máls Minni-Núpur stofnun lóðar
Lagt fram lóðablað ásamt umsókn, yfir 4 lóðir úr landi Minni-Núps 166583
merktar A, B, C og D, þar sem óskað er eftir að lóð B verði stofnuð þar sem hún
hefur ekki fengið landnúmer þó svo að bústaður hafi lengi staðið á lóðinni.
Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga. Heiti máls Prándartún í landi
Prándarholts- deiliskipulag. Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deili-
skipulagi sem nær yfir Prándartún 9,70 ha svæði úr landi Prándarholts. Gert er
ráð fyrir sex 6.848 fm íbúðahúsalóðum og sex 5.000 fm lóðum undir hesthús,
matjurtagarð eða trjárækt. Aðalskipulagsbreyting sem auglýst var samhliða
deiliskipulaginu var nýlega staðfest af umhverfissráðuneytinu. Samþykkt skv. 25.
gr. skipulags- og byggingarlaga.

17. Rætt um rammasamkomulag sem í gildi er milli sveitarfélagsins og Lands-
virkjunar og hugsanlegar breytingar á því. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til
breytinga á rammasamkomulaginu fyrir sitt leyti, að svo komnu máli.

18. Gjaldskrármál vegna fjárhagsáætlunar 2010. Gjaldskrármál rædd.

19. Bréf um ágóðagreiðslu Eignarhaldsfélags Brunabótarfélags Íslands, hlutur
sveitarfélagsins er 1.272.000.- . Lagt fram.

20. Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar á jarða- og ábúðarlögum. Lagt fram.

21. Fundargerð Þjórsársveita með Landsvirkjun. Lögð fram.

22. Farið yfir akstur leikskólabarna. Málin rædd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.45

Blak

Æfum þessar vikurnar í Brautar-
holti á þriðjudagskvöldum frá kl.
20:30-22:00

5

Allar konur velkomnar
Kveðja
Blakstelpurnar

Hvað er á döfinni hjá kvenfélaginu okkar?

Eins og mörgum innan sveitar er ljóst er Kvenfélag Gnúpverja 80 ára í ár. Við höldum áfram ótrauðar að gera félagið okkar betra og sterkara í sínu starfi með því að sinna öllum sviðum sem okkur eru falin í lögum félagsins. Þar er m.a. kveðið á um að vinna að kynnum og samvinnu kvenna í Gnúpverjahreppi, styrkja allt þjóðlegt og nytsamt og vinna að líknar-og menningarmálum innan sveitar sem utan. Að þessu hafa félagskonur unnið í öll þessi 80 ár og er um það fjallað í afmælisritinu sem við gáfum út í vor. Á hverju ári gefum við til ýmissa stofnanna og félagasamtaka. Stærstu verkefni hafa verið við Sjúkrahús Selfoss og er m.a. verið að safna innan SSK í sónartæki sem byrjað er að nota þar. Við seljum á hverju ári jólakort SSK en afrakstur þeirrar sölu rennur beint þangað. Við stefnum á að gefa til heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási núna fyrir jól en gefum ekki upp hvað það er, fyrr en frá því hefur verið gengið.

Þegar flest kvenfélögin voru stofnuð í byrjun 20.aldar var mikil fátækt og fáir til bjargar ef áföll dundu yfir. Þessi félög starfa flest enn og hafa lagt margt til uppbyggingar á hverjum stað. Þeirra er ekki síður þörf í dag eftir erfiðleika ársins sem er að líða.

Kvenfélagskonur áttuðu sig fljótt á að sameinaðar væru þær enn sterkari og stofnuðu heildarsamtökin Kvenfélagasamband Íslands (KÍ) og þau verða einmitt 80 ára á næsta ári 2010.

Félögin eru hvött til að nýta afmælisárið í að líta yfir farinn veg, vekja athygli á starfi kvenfélaganna, efla innra starfið, huga að framtíðinni og láta sjást og heyrast hvað við erum að gera og hvað við leggjum til samfélagsins. Samfélag er eins og orðið segir að vera saman, vinna saman. Getum við í sveitunum í-myndað okkur hvernig allt væri ef við hefðum ekki notið alls þess sem sam-takamáttur félaganna (og já þau eru fleiri en kvenfélagið !) byggði upp. En það þurfa allir að taka þátt í að vinna að og skapa gott samfélag. Það getum við með því að leggja eitthvað af mörkum, taka þátt, ekki hugsa bara um eigin hag heldur allra hinna sem búa hér með okkur.

Á landsþingi KÍ í sumar var gert að slagorði „bökum betra samfélag“ Það er gott og gilt, því það hafa jú konur gert í gegnum tíðina og selt bakstur til að afla gjafafjár. Einnig er hægt að „þrjóna betra samfélag“ í ljósi þeirrar handa-vinnuöldu sem rís nú hátt og er til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og marga fleiri. Handverkshönnuðir blómstra og margir vinna ýmsa fagra hluti úr ull-inni. Margir litir lopa eru nú t.d. illfáanlegir. Það þarf að fara að taka inn fé

til rýja sem fyrst! En tíðin er bara of góð til þess. Þetta var nú útúrdúr frá kvenfélagsstarfinu en sýnir bara hvað það er víðtækt og teygir anga sína víða.

KÍ ætlar að setja af stað stórkostlegt verkefni í tilefni afmælisársins 2010. Það er að kvenfélagskonur þrjóni og gefi öllum nýfæddum börnum á landinu húfu til að fara með heim af fæðingardeild. Þær verða merktar þrjónakonunni og með fylgir smá kveðja og kynning á starfi kvenfélaganna. Þetta munu verða á milli 4 og 5 þúsund húfur! Ekki lítið verkefni en eins og kvenfélagskvenna er siður verður þetta hrist fram úr annarri erminni. En við þurfum að virkja sem flestar konur og einnig konur utan kvenfélaga geta tekið þátt í þessu.

Einnig hefur verið ákveðið að 1.febrúar ár hvert, sem er stofndagur KÍ, verði dagur kvenfélagskvenna. Þann dag geta félögin tekið frá fyrir hvað sem þau vilja sjálf.

Vetrarstarfið okkar.

Það er þegar farið af stað með frábærri leikhúsferð og góðri þátttöku. Við förum út að borða á undan sýningunni og síðan var hlegið og hlegið á sýningu Borgarleikhússins á „Harry og Heimir“.

Við svöruðum kalli frá Héraðsskjalasafni Árnesinga um varðveislu gagna og afhentum við gamlar fundargerðabækur, félagatöl og reikninga í lok október. Hægt er fara þangað og lesa eða fá ljósrit ef einhvern vantar upplýsingar úr þessum gögnum.

Næsta miðvikudag 11.11. (er víst liðið er fréttabréfið kemur út) ætlum við að bjóða heiðursfélögum félagsins til kaffisamsætis í Árnesi. Þetta eru 11 konur sem starfað hafa í þágu félagsins um árabíl og viljum við þakka þeim óeigin-gjarnt starf með þessu móti.

Í lok nóvember verður skemmtinefndin enn á ferð með eitthvað óvænt og um miðjan desember er venjan að skrifa á jólakort til eldri borgara og skreyta jóla-tréð fyrir barnaballið. Það sér stjórnin um ásamt númeri 2 sem sér um barna-ballið í ár í samvinnu við kvenfélag Skeiðamanna.

Ég vona að þessi pistill vekir athygli á starfinu og verði einhverjum hvatning til að vera með okkur. Haustfundur verður **15. nóvember n.k.** (sjá fundarboð í fréttabréfi) og ef þið viljið koma til að sjá hvernig er að vera á kvenfélagsfundi og fá smá innsýn í félags-starfið. Það er velkomið án allra skuldbindinga.

Kærar kveðjur

Anna María Flygenring.

Formaður Kvenfélags Gnúpverja.

Pýskunámskeið fyrir alla sem hafa áhuga!

Opið öllum og að kostnaðarlausu. Verður líklegast haldið einu sinni í viku í Þjórsárskóla í vetur.

Fyrir byrjendur og lengra komna. Skemmtilegt efni og pottpétt engin heimaverkefni! :-)

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Meike mmelkorka@hotmail.com eða 663 8011



Leikskólinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Langar þig að koma og vinna með okkur ?

Leikskólinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi óskar eftir jákvæðum og öflugum einstaklingi til starfa við leikskólann. Lögð er áhersla á lipurð í mannlegum samskiptum, áhuga og metnaði gagnvart starfinu.

Í boði er 62% starf frá og með 1.des. nk. Starfið felst í að vinna við ræstingar og störf í leikskóla. Vinnutími er alla virka daga kl 9:00-14:00.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Foss.

Umsóknarfrestur er til 20. nóv. nk. og skal umsóknum skilað til leikskólastjóra: Leikholt, Brautarholti, 801 Selfoss eða leikskoli@skeidgnup.is

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Björk Gylfadóttir leikskólastjóri, sími: 486 5586 og 698 0433 og/eða á leikskoli@skeidgnup.is



VÖNDULL ehf **FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁR-** **NESSÝSLU.**



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmíðunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Jólatónleikar Uppsveitasystra

**Jólatónleikar Uppsveitasystra, undir stjórn
Magneu Gunnarsdóttur, undirleikari Gróa
Hreinsdóttir, verða föstudagskvöldið
27. nóvember í Brautarholti.**

**Jólaandinn mun svífa yfir sveitirnar með söng,
tónlist, uppboði, kaffi og kræs-
ingum.**



**Skemmtunin hefst kl. 20.30 og
aðgangseyrir er 1500 kr. (enginn
posi) frítt fyrir grunnskólabörn.**

**Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.
Uppsveitasystur**

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693
netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

9

Landflutningar
SAMSKIP

EIMSKIP

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Ýmislegt frá oddvita.

Fundir

Haustið er tími mikilla fundarhalda hjá sveitarfélögum. Þetta haustið hefur undirritaður sótt ýmsa fundi sem haldnir eru einu sinni á ári eins og til dæmis fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á þeirri ráðstefnu er farið yfir fjármál sveitarfélaga almennt, samskipti ríkis og sveitarfélaga og fl. Þetta er góður vettvangur til að hitta annað fólk sem er að vinna í þessum málaflokki og bera saman bækur sínar.

Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) var að þessu sinni haldinn á Höfn í Hornafirði, en Hornafjörður gekk í samtökin á síðasta ári. Auk aðalfundar (SASS) voru á sama tíma haldnir fundir í þeim samlögum sem við erum aðilar að, sem eru Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Skólaskrifstofa Suðurlands og Sorpstöð Suðurlands. Allt voru þetta ágætir fundir þar sem farið var yfir málefni hvers samlags fyrir sig. Ekki er ágreiningur í rekstri þessara stofnanna nema að ekki var hægt að klára aðalfund Sorpstöðvarinnar og var fundi frestað til 20. nóv. ástæða þess ágreinings sem þar er uppi er of langt mál að rekja hér en það snýst í stuttu máli um vandamál sem uppi eru í urðun sorps í framhaldi af lokun urðunarstaðarins á Kirkjuferjuháleigu, en þar verður hætt að urða 1. des. Það er skoðun okkar hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og nokkurra annarra sveitarfélaga að það sé algjört forgangsmál að finna hentugan urðunarstað á Suðurlandi. Það er galið að vera að keyra allt sorp af Suðurlandi til urðunar á höfuðborgarsvæðinu.

Fundur var haldinn á Brjánstöðum í Héraðsnefnd Árnesinga fyrir stuttu. Það sem heyrir undir héraðsnefndina eru mál eins og Tónlistarskóli Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Listasafn Árnesinga auk fleiri mála er varðar sýsluna. Það er góð aðstaða til slíkra fundarhalda á Brjánstöðum og vel gert við þá er þangað koma.

Fjármál

Nú er í fullum gangi vinna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2010. Það er ljóst að tekjur sveitarfélagsins koma til með að minnka á næsta ári, það bætist ofan á aukinn kostnað í öllum rekstri eins og þið þekkið öll. Ljóst er að sveitarfélagið verður að hækka þjónustugjöld á þessum tímum, sú hækkun verður hins vegar ekki umfram almennar verðlagshækkanir, einnig er rétt að benda á að varlega hefur verið farið í hækkanir á gjaldskrár sveitarfélagsins á undanförunum árum.

Skeiða-og Gnúpverjahreppur er nánast allstaðar lægstur í samanburði á gjaldskrám þjónustugjalda við nágrannasveitarfélögin. Við erum hins vegar í hærri kantinum hvað varðar fasteignagjöld.

Snjómokstur.

Snjómokstur er talinn til sjálfsagðra hluta í okkar samfélagi fólk þarf að komast leiðar sinnar í vinnu, skóla og hvað annað sem við þurfum að ferðast. Sveitarfélagið hefur kostað þennan málaflokk á móti ríkinu. Eins og þið hafið heyrt í fréttum þá er ríkið að hækka skatta og draga úr þjónustu, þetta eru ábyggilega nauðsynlegar ráðstafanir þó fólk sé sjálfsagt aldrei sammála hvaða leiðir séu bestar í þeirri stöðu sem við erum í. Fjárveitingar frá ríkinu í snjómokstur er einn af þeim málaflokkum sem eru til skoðunar í því ástandi sem við búum við í dag, ekki er endanlega ljóst hver niðurstaðan verður. Við verðum að vona að það snjóí mátulega þannig að fjárveitingar sem ætlaðar verða í málaflokinn dugi.

Atvinnuástand

Það er öllum ljóst að ástand atvinnumála hjá okkur Íslendingum er bágborið um þessar mundir, við erum ekki vön þeim atvinnuleysistölum sem við erum að sjá um þessar mundir og vonandi fer þetta ástand að ganga eitthvað til baka, en það verður að segjast eins og er að ég er ansi hræddur um að næstu misseri verði mörgum erfið fjárhagslega. Hvað atvinnuástandi í okkar sveitarfélagi við kemur þá megum við sjálfsagt vel við una í samanburði við aðra. Það eru einungis fimm einstaklingar á atvinnuleysis-skrá . En það er fimm einstaklingum of mikið.

Hafið þið það sem allra best
Oddviti

Næsta Fréttabréf kemur út þriðjudaginn 15. desember
Skilafrestur efnis er til fimmtudagsins 10. desember.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinsson Oddviti

Frá unglingadeildinni Skúla

Unglingadeildin Skúli vill þakka öllum þeim sem keyptu neyðarkalla af okkur og styrktu um leið starf deildarinnar.

Mikið hefur verið að gera hjá deildinni á liðnu ári og ber hæst ferð okkar á landsmót unglingadeilda slysavarnafélagsins Landsbjargar í Hnífsdal. Og kemur hér smá ferðasaga úr þeirri ferð.

Lagt var af stað um hádegi miðvikudaginn 15. Júlí. Við byrjuðum á að fara og sækja krakka úr unglingadeildinni Greip, í Reykholt en svo var lagt af stað í langferð á vestfirði. Að sjálfsögðu var stoppað nokkrum sinnum á leiðinni, matar og pissustopp en að lokum komumst við í Hnífsdal um kl 22:00 um kvöldið og voru allir fegnir að losna úr rútunni. Hóparnir skelltu sér í að tjalda og koma sér fyrir og kíkja á mannskapinn á svæðinu en um 300 manns voru mættir á svæðið frá unglingadeildum af öllu landinu.

Fimmtudagurinn byrjaði með þingi en þar koma allir saman og ræða málefni unglinga innan Landsbjargar, hvað verið er að gera, hvað mætti betur fara o.fl. Þar er öllum skipt uppí hópa sem voru blandaðir af unglingum úr öllum deildum. Þessir hópar haldast svo út landsmótið. Hver hópur fann sér nafn, söng og göngulag. Mikið er lagt uppúr hópefli og eru krakkarnir fljótir að verða félagar. Eftir hádegi á fimmtudeginum byrjaði svo verkefnavinnan og var hún allan föstudaginn líka. Þau verkefni sem verið var að vinna við voru:

Bátar: -Farið var í siglingu á björgunarbátunum og æft að fara milli báta á ferð.

Sig og hnútar: Sig var æft niður af lýsistanki og fyrir neðan var verið að æfa hnúta.

Leitartækni: Kennd grunnatriði í að leita.

Snjóflóða-

leitartækni: Kennd grunnatriði í að leita að fólki með snjóflóðayla. Rötun:

Gengið eftir vísbendingum milli punkta með áttavita.

Sund: Farið

í sund, hreinsað af sér skítinn og slappað af.

Rústabjörgun: Bjargað sjúklingum úr rústum.

Börusig: Sigið með sjúkling í börum niður af þaki.

Skyndi-

hjálp: Hlúð af sjúklingum í mis erfiðum aðstæðum.

Á laugardegnum er svo komið að björgunarleikunum en þar er keppt til sigurs. Þar eru ýmis verkefni sem keppt er í. Tími, frammistaða og liðsheild eru metin Þær keppnisgreinar sem eru, eru margvíslegar eins og kassaklifur, leit að ákveðnum hlutum í svarta myrkri, fara í gegnum rústir með vatn í dalli og reyna að vera sem fljótastur og tapa sem minnstu af vatni. Gera þrífót og hífa stóran stein upp. Dekkjavelta-velta stóru traktórsdekki eins oft og hægt er á tíma. Ítroðsla í björgunarbát- troða eins mörgum og hægt er á sem skemmstum tíma

hahahhahhahhaahhahhahahhhahahahhahahahahahahahhahahhahhahha

HESTAKRÁIN

Jólahlaðborð 5. desember.

Borðhald hefst kl 20.30

Drengjakór Hafnarfjarðar mun
syngja nokkur vel valin lög.

Húsið verður opið öllum frá kl. 23.00.

Trúbadorinn Grétar frá Sólvangi heldur
uppi fjöri fram á nótt.

Aðgangseyrir kr 500.-

Aldurstakmark 18. ár



Jólakveðjur Hestakráin

Húsatóftum

Sími 486-5616

Sími 895-0066



Menn og málefni



- Jóna Sif Leifsdóttir og Benedikt Hjörvar Ingvarsson
Hlemmiskeiði 6 eignuðust stúlku 19. október. Vó hún 4340 gr. og 54
cm. Litla daman á 3 bræður sem eru Eypór Smári fæddur 1996, Arn-
pór Ingvar fæddur 1998 og Leifur Darri fæddur 2003.

Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

Kynningarafsláttur

RutlandTM
Electric Fencing



480 5600
landstolpi.is

LANDSTÓLPI 

Haustfundur Kvenfélags Gnúpverja

í Þjórsárskóla (skólalofti) 15. nóvember 2009 kl.20.30.

Dagsskrá fundar verður sem hér segir:

- Lesin fundargerð vorfundar. Ritari Inga Maja.
- Sagt frá formannafundi á Hellu 05.11. Anna.
- Jólakortin kynnt. Anna.
- Lukkuleikur- Ritari stjórnar.
- Vetrarstarfið er hafið, samsæti fyrir heiðursfélaga og jólabarna-ball framundan.
- Styrkveitingar-hvað er á döfinni? Halla.
- Gögn afhent á Héraðsskjalasafn. Anna.
- Landsþing í Stykkishólmi. Sigrún Símonard.
- Önnur mál.
- Kaffi og Bjarni Harðarson segir frá „sínu kvenfólki“ og les úr nýrri bók sinni.

Stjórnin.



Fundur í Árnesi.

Íbúafundur um sorphirðunálin verður haldinn í Árnesi mánudagskvöldið 23. nóvember kl. 20:00.

Fulltrúar Íslenska Gámafélagsins mæta á fundinn og fara yfir framkvæmdina með okkur vegna hins breytta fyrirkomulags í sorphirðunni og svara spurningum.

Þetta er tækifæri til þess að afla sér enn frekari upplýsinga um málaflokkinn.

Allir velkomnir.

Oddviti

16



Frá sóknarpresti

Eitt af verkefnum þjóðkirkjunnar er að bjóða upp á fjölskyldu- og barnastarf, og er það hluti af fræðslu kirkjunnar sem hefur góð og gild markmið. Það skiptir miklu máli og reyndar mjög miklu máli að fjölskyldur sinni því að koma til kirknanna. Þó það sé margt að gera hjá okkur öllum og mörg búmannsraunin, þá er það nærandi að eiga samfélag í kirkjunum þegar til þess er kallað og endranær. Nú er sem sagt gott tækifæri til að mæta. Markhópurinn er börn á aldrinum 7-13 þó öllum öðrum komi þetta til góða.

Að sjálfssögðu er presturinn ekki aðalatriðið heldur þetta að koma saman til helgiholds og trúarlegrar næringar sálarinnar. Þetta að heyra Guðs orð og varðveita það.

Komið því saman, til að lofa Guð og ákalla hann, til að heyra hvað hann vill við okkur segja í orði sínu og til að taka framförum í kristilegu líferni.

Viðburðaplanið í kirkjunum fram í desember lítur því þannig út:

15.11.2009	11:00	Stóra-Núpskirkja
15.11.2009	14:00	Ólafsvallakirkja Messa
22.11.2009	11:00	Stóra-Núpskirkja
29.11.2009	20.00	Aðventukvöld í Brautarholti
5.12.2009	11:00	Ólafsvallakirkja

Vinnuvélanámskeið Vinnueftirlitsins


Stefnt er að því að halda Frumnámskeið fyrir minni vinnuvélar í janúar.

Námskeiðið veitir bókleg réttindi fyrir: Lyftara með 10 tonna lyftigetu og minni, dráttarvélar með tækjabúnaði og minni gerðir jarðvinnuvéla (4t og undir), körfukrana, steypudælar, valtara, útlagningarvélar fyrir bundið slitlag og hleðslukrana á ökutækjum með allt að 18 tm lyftigetu.

Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Pálmar Flúðaleið s: 892-2370

Á bak við eldavélina



Ég þakka Sigríði Björk svilkonu minni fyrir áskorunina .
Ég stend stóran hluta af sumrinu við eldavélina en var komin
úr eldunargírnum. Þessi áskorun varð til þess að ég fór
aftur að hugsa um mat.

Þar sem jólin eru að nálgast ákvað ég að koma með þessa uppskrift af frábæru áleggi fyrir jólahlaðborðið.

Grafið kjöt.

600 gr meyrnt kjöt (file) af annaðhvort svín, lamb, naut eða hross (hross er frábært í þetta). Eða ef þið svo heppin að eiga hreindýr þá er það líka voða gott.

2 msk salt, 2 msk sykur, $\frac{1}{2}$ -1 tsk. grófur svartur pipar, $\frac{1}{2}$ tsk. basil.

Fituhreinsið kjötið og skerið himnuna af. Vætið kjötið í kryddblöndunni.

Væta þarf kjötið í kryddblöndunni tvisvar á dag í 4-5 dagar. Geymist í kæli.

SINNEPSSÓSA

2 msk púðursykur

2 msk hunang

2 msk sætt sinnep

2 msk dijon sinnep

1 msk dill

2 msk sítrónusafi

1 dl bragðlítil olía

2 msk sýrður rjómi

Salt og pipar



Ég skora á hana Svölu Bjarnadóttur í Fjalli að koma með eitthvað í næsta blað.

Kveðja Kari

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáið ykkur miða. Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.
Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Bókahúsínu Brautarholti

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505



Opnunartími

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22

Viðskiptavinir eru minntir á að skila bókum sem fengnar hafa verið að láni.

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Neyðarsími 892-8804



Viola Snyrtistofa á Flúðum Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð - Húðhreinsun

Litun og plokkun -

Handsnyrting - Fótsnyrting

Förðun - Vaxmeðferð

Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599 (Hlíf)

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug

Neslaug

Mánudaga: lokað

17 – 21

Þriðjudaga: 17 – 21

lokað

Miðvikudaga: lokað

17 – 21

Fimmtudaga: 17 – 21

lokað

Föstudaga: lokað

lokað

Laugardaga: 13 – 17

13 – 17

Afmæli Stóra-Núpskirkju.

Haldið var upp á 100 ára vígsluafmæli Stóra-Núpskirkju 1. nóvember sl.

Dagskráin hófst á því að Guðmundur Rafn Sigurðsson, umsjónarmaður kirkjugarða lýsti þeim framkvæmdum sem lokið er við, í nokkrum orðum. Hann lauk ræðu sinni með því að afhenda formanni sóknarnefndarinnar eitt lítið grasblað sem tekið var úr garðinum. Var það skírskotun í þá vitund að „allt hold er gras og allur yndisleikur þess sem blóm vallarins.“ Guðspjónustan hófst síðan kl. 14 eftir að vígslubiskupinn í Skálholti hafði opnað kirkjunni nýja útgáfu að Biblíunni. Þessi Biblía var keypt fyrir minningargjöf Kristjáns Helga Guðmundssonar á Minna- Núpi um konu sína Margræti Ámundadóttur. Sóknarpresturinn þjónaði síðan fyrir altari. Sungnir voru sálmar frá því fyrir 100 árum er kirkjan var vígð. Það er skemmtilegt til þess að hugsa að kirkjan á Stóra-Núpi, ásamt Hrepphóla-kirkju eiga sér röð vígslusálma. Biskup Íslands prédikaði og fyrrverandi sóknarprestar hér lásu ritningalestra og prófasturinn aðstoðaði við útteilingu. Jóhanna Höeg Sigurðardóttir lék á þverflautu, Magnea Gunnarsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir sungu undir forspili Ave Maria, Söngfélag Stóra-Núpskirkju leiddi söng og Þorbjörg Jóhannsdóttir var organisti.

Í Árnesi hófst síðan hátíðardagskrá að lokinni messu þar sem stuttar ræður voru haldnar. Þessi tóku til máls: Guðfinnur Jakobsson sóknarnefndarformaður, sr. Axel Árnason Njarðvík það var fyrir 100 árum..., sr. Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup um Stóra-Núp og vígslubiskups-embættið, Katrín Briem, Erlingur Loftsson, Jóhannes Gunnarsson sonur sr. Gunnars í Skarði, sr. Bernharður Guðmundsson, Oddur Bjarnason, sr. Sigfinnur Þorleifsson fluttu stutt minningarbrot.

Skólabörn sungu tvö lög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Magnea Gunnarsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir sungu heilræðavísur Hallgríms Péturssonar.

Söngkveðja frá Söngskóla Sigurðar Demetz, þau Kristján Jóhannsson og Signý Sæmundsdóttir sungu við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur. Kvenfélag Gnúpverja sá um kaffiveitingar.

Kirkjunni bárust þrjár gjafir við þessi tímamót. Jóhanna Jóhannsdóttir í Haga færði kirkjunni kr. 250.000, brottfluttur Búrfellingar og Landsvirkjun færðu kirkjunni útilýsingu og blóm og vasi komu frá Kvenfélagi Gnúp-verja.

Í lokin var öllum afhent kirkjubjalla Stóra-Núpsprestakalls. Bjallan er með myndum af báðum kirkjum prestakallsins og er til að minna okkur á að landið og þjóðin nýtur blessunar. Frá fyrstu tíð hafa bjöllur fylgt byggð á Íslandi eins og Ari fróði benti á í Íslendingabók sinni.

Þessi bjalla minnir ennfreður á, að árið 2009 er Stóra-Núpskirkja 100 ára og Ólafsvallakirkja 112 ára. Sannkristilegt líf er ekki aðeins líf hinna einstöku í samfélagi við Guð, heldur líka í samfélagi hver við annan. Því eru söfnuðir myndaðir og kirkjur reistar til sameiginlegrar guðspjónustu. „Sjá, þetta er tjaldbúð Guðs meðal manna“, sagði röddin, sem postulinn heyrði í vitrun sinni. Það eiga kirkjurnar einnig að vera.

Staka tréð á milli kirknanna, á bjöllum, minnir okkur á lífsins tré, sem teygir sig mót sólu og himni. Allaufgað tré er gjarnan tákn hins réttláta lífs, lífsins í Guði. Þetta minnir jólatréð okkur líka á. Trén þrjú milli kirknanna er tilvísun: tré stúlkna, drengja og ófæddu barnanna.

Öll sóknarbörn sem ekki voru á afmælishátíðinni munu fá svona bjöllu afhenda á næstu dögum.

Enn fremur verður hægt að kaupa fleiri slíkar bjöllur og hægt er að nálgast þær hjá sóknarpresti, Helgu í Tröð og Guðjóni á Húsatóftum. Hver þeirra kostar kr. 1500.

100 ára vígsluafmælið tókst vel og fólk átti ánægjuríkan dag og eftirminnilegan. Öllum þeim sem að verki komu, er þökkun liðveislan.

Axel Árnason.

Svona lítur
bjallan út sem
talað er um á
blaðsíðunni hér
á undan.



Mynd af Ólafs-
vallkirkju og
Stóra-
Núpskirkju.

Sorpdagatal

2009 - Nóvember						
Sun	Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

2009 - Desember						
Sun	Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		



Fréttir frá Leikholti

Pann 22. október vorum við með ömmu og afakaffi ☺ en komin er hefð á þetta kaffi. Við buðum upp á smurt brauð, muffins, mjólk og kaffi. Margar ömmur og margir afar komu í kaffi til okkar. Við þökkum þeim kærlega fyrir komuna ☺ börn og starfsfólk Leikhólts.



Á döfinni :

Pann 17. nóvember ætlum við að vera með dagskrá kl. 10:00 í Leikholti í tilefni af degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Allir eru velkomnir ☺. Alla mánudaga í nóvember, kl. 9:00-12:00, fara elstu börnin okkar, Fjólublái hópur í heimsókn í Þjórsárskóla. Með samstarfi leik- og grunnskóla undanfarin ár hefur verið leitast við að byggja brú á milli skólastiganna. Þetta samstarf er í stöðugri þróun en hefur sýnt okkur að leikskólabörnin eru mun betur undirbúin fyrir grunnskólagönguna eftir þetta samstarf. Börnin í 1. bekk munu heimsækja leikskólann einu sinni núna í nóvember. **25. nóvember-náttfata og vasaljósadagur ☺ gaman**

gaman Sr. Axel mun heimsækja leikskólann nokkrum sinnum nú í nóvember og desember.

Gleði, vinsemd, virðing.

Kveðja frá okkur öllum í Leikholti. p.s.

munið að skoða heimasíðuna okkar, þar eru m.a. myndir úr starfinu. [http://](http://www.leikholt.skeidgnup.is)

www.leikholt.skeidgnup.is





einstöð
BÖRN

Einstök börn eru félagasamtök fyrir börn og ungmenntu með alvarlega, sjaldgæfa sjúkdóma. Svo sjaldgæfa að jafnvel er ekkert annað barn á Íslandi með sama sjúkdóm. Oft á tíðum eru þetta

lífshættulegir sjúkdómar. Því miður hafa mörg börn í félaginu látist langt fyrir aldur fram, og lítið er gert til að rannsaka marga þessara sjúkdóma, þar sem það er ekki fjárhagslega „hagkvæmt“ vegna þess hve sjúklingar eru fáir í heiminum.

Myndin á jólakortum Einstakra barna hefur alltaf verið eftir listamenn úr félaginu eða velunnara þess. Myndin í ár er eftir listamann úr sveitinni okkar, Hrafnhildi Magnúsdóttur á Blesastöðum. Myndin heitir „Kæti“ og er alveg einstaklega falleg. Kortin eru í stærðinni 17*12 cm.

Kortin eru til sölu hjá Hörpu í Björnskoti, endilega komið eða hafið samband í síma 899-9653

Með því að kaupa jólakort af félaginu ertu að styrkja verðugt málefni. En auk þess að bæta lífsgæði þessara barna hjálpar þú okkur að vekja athygli á málstað þeirra og tilveru.

